

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða nr. 326 20. júní 1996.

1. gr.

Í stað „2.-5. mgr.“ í 1. mgr. 11. gr. kemur: 2.-6. mgr.

2. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Könnunarvottorð verður því aðeins gefið út fyrir hjónaefni með erlendan ríkisborgararétt, annan en danskan, finnskan, norskan eða sænskan að það dveljist löglega í landinu. Hjónaefni sem ekki hefur ríkisborgararétt í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahags-svæðið skal leggja fram gögn sem sýna að dvöl þess hér á landi sé lögleg.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 13. gr. hjúskaparlaga nr. 31 14. apríl 1993, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. janúar 2001.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

*Drífa Pálsdóttir.*